

ný pólsk grafík

KJARVALSSTÖÐUM REYKJAVÍK NÓVEMBER 1977

ný pólsk grafík

KJARVALSSTÖÐUM REYKJAVÍK NÓVEMBER 1977

ný pólsk grafík

KJARVALSSTÖÐUM REYKJAVÍK NÓVEMBER 1977

ný pólsk grafík

KJARVALSSTÖÐUM REYKJAVÍK NÓVEMBER 1977

NY PÓLSK GRAFÍK
KJARVALSSTÖÐUM
NÓVEMBER 1977

FORMÁLI

Þessi sýning á nýrri grafík frá Póllandi er þriðja meiri háttar myndlistarsýningin sem Listráð að Kjarvalsstöðum stendur fyrir í tíð sinni, en auk þess hefur það stutt við aðrar listsýningar á staðnum. Jafnframt er þetta síðasta sýningin á vegum þessa fyrsta Listráðs á þessu starfsári. Pólverjar eru af flestum taldir með fremstu þjóðum veraldar í öllum grafíklistum og því er þessi sýning verðugur minnisvarði um stórhug ráðsins og skilning á nauðsyn þess að kynna Íslendingum erlenda list.

Við skipulagningu þessarar sýningar nutu Kjarvalsstaðir velvildar pólska menningarmálaráðuneytisins, góðvildar og ósérhlífni pólska sendifulltrúans á Íslandi, hr. Antoni Szymanowski og konu hans, svo og stuðnings Pólsk-Íslenska menningarfélagsins.

Vart er hægt að ímynda sér ljúfari samstarfsmann en Ryszard Otreba sem er einn af þekktustu grafíklistamönnum Pólverja, en hann valdi verkin af mikilli smekkvísi og innsýn og vann að uppsetningu þeirra hér á staðnum og ávann sér í leiðinni vinsemd og virðingu íslenskra myndlistarmanna. Þeim síðarnefndu vil ég einnig þakka fyrir aðstoð við uppsetningu sýningarinnar.

Aðalsteinn Ingólfsson
framkvæmdastjóri Listráðs.

Það er mér mikil ánægja að mega kynna Íslendingum þá pólsku grafík sem hér er til sýnis, en hingað er hún komin fyrir tilstilli miðstöðvar listsýninga á vegum pólska ríkisins í Varsjá, CBWA, og Kjarvalsstaða. Fyrir rúmu ári hittumst við Aðalsteinn Ingólfsson í Póllandi og ræddum þá möguleika á kynningu pólskrar listar á Íslandi. Ávöxtur þeirra viðræðna er þessi grafíksýning og taldi ég því við hæfi að nota „ávöxt“ sem einskonar táknmynd hennar. Ég er sannfærður um að hún á eftir að opna augu leikmanna sem lærðra fyrir þróun nútímalista í Póllandi.

Höfundar myndanna eru ekki allir af sömu kynslóð og er afstaða þeirra því fjölbætt og breytileg og hefur hún fremur mótast af því þjóðfélagi sem þeir hrærast í heldur en fyrirfram gefnum formúlum eða hópstarfi. Sýningin er þess vegna annars konar „ávöxtur“, þ.e. af reynslu og minningum eldri kynslóða. Í Póllandi fer fram Alþjóðlegi Grafíkbiennialinn í Kraká þar sem listamenn allra landa fá tækifæri til að sýna verk sín og treysta stöðu sína. Sá viðburður er án efa mikill aftvaki og hvatning til pólskra grafíklistamanna.

Þó er ekki ávallt mögulegt að skilja til fulls innviði og inntak verkanna. Sem listamenn reynum við að spila á marga strengi til að auðvelda áhorfandanum að finna einhver tengsl og við leggjum ávallt áherslu á hinn eðlilega framgang sköpunar sem örvar lífsandann. Við óskum þess að áhorfandinn finni hér eitthvað við sitt hæfi, eitthvað sem snertir kviku hans.

„Inntak myndar er öllum ljóst og skilningur á því veltur ekki einvörðungu á hæfileika vorum til að sjá og heyra, — því er beinlínis beint að sjónviti voru. Mynd er ekki saga og þarf því engan þýðanda, hún orkar beint á mannsandann, eins og allt það sem Náttúran hefur skapt“. (Leonardo da Vinci)

Ryszard Otreba
Varsjá, feb. 1977.

UM PÓLSKA GRAFIK

Það er ekki að undra þótt grafik sé að verða æ mikilvægari þáttur af daglegu lífi með hverjum deginum sem líður. Við þurfum ekki annað en ihuga að grafiklistir þrífast á tvenns konar vinsældum, þ.e. þær eru afleiðing háþróaðrar prentunartækni sem gerir mönnum kleytt að þrykkja mikinn fjölda eintaka og þær njóta auðlæsis sem stafar af einfaldri uppbyggingu inntaksins. Upphaflega var grafikin vopn í höndum kirkjunnar, myndirnar höfðu trúarlegt inntak og voru ætlaðar ólæsum almenningi. Form þeirra var aðgengilegt en tjáningin ástríðufull. Í því ljósi sjáum við að ein undirstaða hinna miklu vinsælda listgreinarinnar er hinn alþjóðlegi uppruni hennar. Þetta er að sjálfsögðu ekki eina ástæðan. Önnur er hinar miklu framfarir innan allrar fjölmiðlunar sem bæði hefur keppt við og ýtt undir grafiska listsköpun. Stórt upplag, viðráðanlegt verð, auðveldur flutningur auk hinna ríku tjáningarmöguleika grafíkur, — allt þetta hefur haft mikil áhrif á útbreiðslu hennar og laðað að sér fjölda listafólks.

Á sýningu þessari eru rúmlega þrjú tugir pólskra grafíklistamanna. En verk þeirra sýna aðeins eina hlið á grafískri listsköpun í Póllandi og verður sú takmörkun skjörð hér á eftir. Í fyrsta lagi er erfitt nú til dags að tala um sérstök þjóðleg einkenni í grafíklist því hún er orðin alþjóðlegt fyrirbæri vegna aukinnar fjölmiðlunar, alþjóðlegra grafík-sýninga í mörgum löndum og síðast en ekki síst fyrir aukin persónuleg tengsl milli listamanna víða um heim. Þetta mætti nefna hinar „alþjóðlegu ástæður“. En orsakanna má einnig leita innan hvers lands fyrir sig. Pólsk grafik hefur um langt skeið verið þekkt og metin á hinum alþjóðlega markaði, hún á sér langa hefð og er margþætt, fjölbreytt og á sifeldri hreyfingu. Í henni eiga sér stað stóðugar umbreytingar. Þetta er orsök hins mikla þrótta þessarar listgreinar í Póllandi og merki um stóðuga leit listamanna. En þetta gerir gagnrýnum skoðanda erfitt um vik því vart er hægt að búa til heildarmynd eða tala um megin-stefnu án þess að taka til fjölda undantekninga. Hér er ekki úr vegi að nefna hina landfræðilegu hlið vandans, — dreifingu pólskra listamanna vítt um landsbyggðina.

Þessi sýning er því tilraun til að sýna Íslendingum margar hliðar hinnar listrænu leitar Pólverja, sem

þó grundvallast allar á hinni hefðbundnu vinnu-aðferð grafíklistamannsins: þrykk á pappir eftir frummynd á plötu, steini o.s.frv., — þ.e. eftir móðurmynd. Þó eru öll tilbrigði, formgerð og persónueinkenni eins fjölbreytileg og eðlilegt er.

En þetta er rýmileg takmörkun, þar sem hún segir ekki fyrir um hvernig unnið skuli í plötuna og ein aðferð grafíklistamannsins: þrykk á pappir eftir tréskurðarmyndir, koparstungur, akvatintur og gífsþrykk ásamt með serigrafíu og ljós-mynda-offsetprenti.

Nú djarfar kannski fyrir forsendum valsins: Öll verkin á þessari sýningu endurspeglar undirstöðutækni grafíklistar, þrykk af móðurmynd. Mér sýnist sem val á grundvelli „tækni“ og „vinnslu“ megi fyllilega réttlæta vegna þess að það kemur heim og saman við ástand innan nútíma grafíklistar. Þótt miðlunar og menningarhlið hennar sé mikilvægari þegar öllu er á botninn hvolft, þá ættum við ekki að vanmeta tæknilegar breytingar og byltingar í gerð grafíkur. Tæknibreytingar hafa haft umtalsverð áhrif á hugmyndir manna um listir. Höfum hugfast að grafik, eins og hún er stunduð í dag, er um margt lík málverki, uppákomum og skrásetningu þeirra, bókmenntum, ljósmyndun (og afsprengi hennar, kvikmyndinni) rafprent-tækni, raunvísindum og véltækni (tölvugrafík, geislamyndum og röntgenmyndum). Öll þessi tengsl má finna í pólskri grafík og þau hafa vaxið og þróast bæði af tæknilegum ástæðum og vegna tvíeðlis hins grafíska verks sem miðlara lífsgildis og upplýsinga. Grafíklist nútímans miðlar ekki inntaki sem er frábrugðið því sem aðrar listgreinar miðla. Hún fæst við svipuð vandamál og aðrar framsæknar listgreinar. Sú upplýsing sem finna má innan grafíkverks er oft hin sama og kemur fram í öðrum fjölmiðlum.

Grafík er skyld annarri myndlist að því leyti að hún nærast á myndheimi okkar, en bætir jafnframt við hann. Og þar sem hið grafíska skeyti er aðeins ein tegund upplýsingar, þá finnst mér við hæfi að leggja áherslu á „vinnsluhliðina“ á þeim verkum sem hér eru til sýnis. Þetta hafa forsvarsmenn sýningarinnar gert. En auk þess eru sögulegar forsendur fyrir vali þeirra.

Hefðbundin verk urðu ætíð að geta treyst á tæknilegu hliðina. Vönduð nákvæmnisvinna gat haft úrslitaáhrif á miðlunarkraft verka. Í dag á þetta

einnig við, en er ekki eins algilt. Tæknin (þ.e. tæki og aðferðir) ákvörðuðu fyrr hvar í flokki ákveðið listaverk, „arte factum“, stæði innan myndlistar. Í dag er erfiðara að skera úr um slíkt vegna þeirrar blöndunar og samsömunar sem nú á sér stað í myndlist. Það hefur eflaust flýtt fyrir þeirri þróun hversu opin og móttækileg listaverk eru í eðli sínu. Á úthallandi 19. öld voru listamenn þegar farnir meðvitað að setja saman „opin“ myndverk, þar eð þeir gerðu sér ljóst að verkin eflast við hver ný tengsl og þau verða ríkari fyrir þátttöku áhorfandans sem „les“ úr þeim, tilfinningalega og hugrænt, og verður þannig að samstarfsmanni listamannsins. Þessi uppgötvun breytti til muna hugmyndum manna um hlutverk „vinnslunnar“ á verkstæðinu. Tæknileg útfærsla var nú ekki lengur aðalatriðið, heldur sköpunin, — gerð fjölþættra og margræðra verka. Þarna skildust leiðir tveggja viðhorfa. Sumir listamenn töldu tæknilegu hliðina litilvæga en aðrir andmæltu því og hófu að leita nýrra möguleika með því að fullnýta hefðbundna tækni. Í hópi þeirra síðarnefndu eru margir listamannanna á þessari sýningu. Þau atriði sem hér hafa verið rædd fá í reynd útrás á mismunandi vegu. Hreinlegasta formgerðin virðist koma fram í hugrænni grafíklist (concept), hvatlegustu verkunum og þeirri list sem byggir á þjóðfélagslegum grunni. Hins vegar má hér finna mörg millistig, vart eins róttæk en þó mótuð og mögnuð af þeirri vitneskju að hægt er að leita til allra greina myndlistar, vísinda, tækni og annarra fjölmiðla í könnun og leit að sannindum þessa heims. M.ö.o. það sem oft er nefnt „vixilverkanir innan lista“ er í raun og veru afleiðing þeirrar uppgötvunar að listir eru að verða æ nánari hluti af daglegu lífi okkar. Ég mun síðar ræða hvernig þessi uppgötvun ber ávöxt og auðgar skilning okkar á umheiminum. Þýðing hennar hefur verið á oddinum í umræðum gagnrýnenda, fræðimanna og listamanna síðustu áratugi. Þeir hafa ihugað hvernig vixilverkanir verða til, breytingar á afstöðu almennings og breytt gildismat innan listar í framhaldi af því. Í þeim umræðum má ekki búast við endanlegum og algildum niðurstöðum. En listamennirnir munu eftir sem áður leggja orð í belg með verkum sínum. Litum nú á listamennina hér á sýningunni, með hefðbundna verkmenntun sem mælistiku. Myndheimur Mieczyslaw Wejman er þrunginn spennu

og kvíða. Hann minnr á ógnir nútímasamfélags og tjáir vanmátt einstaklingsins í viðjum ómanneskjulegrar veraldar. Verk hans byggjast á dramatískri tjáningu sem ávallt er sjálfri sér samkvæm innan hvernar myndar.

Andrzej Pietsch hefur einnig stundað ætingu um langa hríð. Í verkum hans sjáum við markvissa útvíkkun myndheims, frá táknrænum smáatriðum í eldri myndröð hans. „Eftirmæli um dádýr“ til víðara yfirlits, eins og í þeirri myndröð sem hann nú vinnur við, „Ferðalangar“. Með einfaldari myndveröld og fjölbreyttari myndrænum vandamálum hefur Pietsch tekið upp nýja tækni, „collage“, en rífrildi sín tekur hann úr eigin ætingum, klippir þau í sundur og setur saman í nýju samhengi.

Myndefni og vangaveitur Tadeusz Jackowski eru ekki óskyldar því sem Pietsch fæst við. Hann er í hópi þeirra listamanna sem hafa með stakri verklagni fjölgað tjáningarmöguleikum listgreinarinnar. Hann er eindreginn fylgjandi rækilegrar verkstæðismenntunar og hefur óblandna ánægju af þeim tilbrigðum, blæbrigðum og nostrí sem fylgja koparstungunni.

En bróðurpartur hinna verkstæðismenntuðu grafíklistamanna sem hér eru taka fastar til orða í list sinni og tjá hug sinn á óheflaðri hátt, t.d. Janusz Karwacki í myndröð sinni „Spánski reiðskólinn“ sem fjallar um áföll og hörmungar og svo Włodzimierz Kotkowski. Það mætti kannski efast um réttmæti þess að hafa Kotkowski í þessum hópi, því í nýjustu verkum sínum leggur hann út af mjög svo persónubundnum ihugunum sem torvelt er að skilgreina. En hér erum við að draga í dikla eftir tæknilegum forsendum.

EKKI er síður erfitt að flokka verk Janusz Przybylski. Segja má að nýleg verk hans á Grafíkbiennalínum í Kraká hafi verið meðal hins svokallaða „nýja raunsæis“. Þó er yfir þeim sérlegur ljóðrænn blær og af þeim stafar kvíða og ótta við ofbeldi. Listamaðurinn er einnig ótull málarí og skapar þá dulúðga litfleti sem eru náskyldir hinum lituðu ætingum hans. Przybylski fjallar um mannskæpnuna sem einskonar summu líffræðilegra, sálfræðilegra og þjóðfélagslegra staðreynda, en þó leggur hann megináherslu á hina einstöku tilveru hvers manns sem vitmunaveru í tíma og rúmi.

Jacek Gaj miðlar okkur af lífsreynslu sinni í myndum sínum. Hún gefur þeim ekki einasta mannúðlegt yfirbragð heldur mótar allt útlit þeirra: þróttmikið en þó temprað.

Verk Janina Kraupe-Swidarska eru hins vegar náskyld málverkum og innihalda allskyns lífræn tilbrigði. Í myndum sínum leitast hún við að festa á blað hugmyndir um tóna og hrynjandi og verður því að vinna hratt. „Ég hef áhuga á að klófesta einskonar tákni sem mér finnst gefa frá sér tóna í huga mínum“ segir hún og ennfremur: „Liturinn er því bæði tilfinningalegur og táknrænn. Þar sem hann er einnig undirstaða heildarhugmyndarinnar og spennunnar innra með henni, þá undirstrikar hann, lýsir og opinberar inntak táknsins“.

Eins og Janina Kraupe notar Halina Chrostowska stundum lágmyndaform með því að skera djúpt í dúk og húða yfirborð með kolsvörtu. Í nýrri myndum gripur listamaðurinn einnig til sterkra líta. Í þeim má sjá einstaka hugkvæmni og uppfinningasemi sem þó er ætíð hófstíllt og í tæknilegu samræmi. Hún hneygist greinilega til samsömunar og yfirlitsmynda, eins og t.d. í „Reiðmenn“ og „Fjölleikamenn“. Þar fá verk hennar á sig rómantískt yfirbragð og margræði og auk þess magnar hin ríka efniskennnd hennar allra formbyggingu.

Snúum okkur aftur að „hreinni“ grafik. Stanislaw Fijalkowski er markviss hugsuður og tjáir sig á einfaldan og afdráttarlausan hátt, án litar og óþarfa flúrs. Eftir stendur táknið eitt og sér, rist í dúk, fullt af hreyfingu og innri spennu, en samt í föstum viðjum. Segja má að Fijalkowski tengi hina hefðbundnu dúkristu og nútíma formgerð.

Ámóta vönduð vinnubrögð og skýra hugsun er að finna í verkum Ryszard Otreba. Táknið eða „merkið“ og hvernig það óðlast þýðingu er rauði þráðurinn í listrænum rannsóknum hans. Í þeirri fræðilegu leit missir hann aldrei sjónar á fagurfræðilegu hlutverki verksins. Myndir hans hrifa með nákvæmni sinni og hreinleika, með hinu hnitmiðaða samspili svarts og hvíts og breiðra lína og mjórra (sem út af fyrir sig er afrek, því gifsþrykk er óvenju erlið grafiktækni).

Þannig er okkur ljóst að með hefðbundnum aðferðum má tjá sig á margvíslegan hátt. Hér kemur ljósmyndin einnig til sögunnar og vikkar óneitanlega alla vinnslumöguleika í grafik

Lucjan Mianowski hóf t.d. feril sinn með líkinga-

myndum í steinprenti sem hann nefndi „Dómkirkjur“, hugmyndarikum og áleitnum verkum. Árið 1964 fór hann að nota ljósmyndir og felldi þær tilvitnanir inn á prentsteininn. Þetta var fyllilega í samræmi við þá raunsæisstefnu sem hann var þá að taka. Þessi ákvörðun Mianowskis er gott dæmi um víxlverkanir innan listgreinarinnar. Í fyrsta lagi bendir hún á beina samsvörun inntaks og tækni. Í öðru lagi sýnir hún hvernig tæknin verður hluti af inntakinu. Í þriðja lagi sýnir hún hvernig afstaða til umhverfis og grafíkur helst í hendur. Þetta á einnig við um vinnuáætla fjölda annarra listamanna.

Włodzimierz Kunz byrjaði sem raunsæismaður og í lok fimmta áratugsins hóf hann að fjalla um borgina og eðli hennar í geómetriskum einingum sem stundum nálguðust það að vera afstrakt. Því fjölbreyttari sem túlkun hans varð, því viðtækari varð hann í vinnuáferðum. Eldri verk hans eru flest gerð í steinprenti, en síðar er heimspekilegar vangaveltur sóttu á hann, hóf hann að nota ljósmyndir, samklipp svo og þrívíða aðskotahluti.

En það er hins vegar Wojciech Krzywoblocki sem rækilegast hefur nýtt ljósmyndun. Á síðasta Grafíkbiennial í Kraká fjallaði hann um eðli og þýðingu hugtakanna „pósítífur“ og „negatífur“ og þá eingöngu með þeim aðferðum sem ljósmynda-tæknin bauð upp á. Einnig bar mjög á tilraunum listamannsins til að vinna grafik sem einskonar „concept“ umhverfi.

Þetta yfirlit gefur vonandi til kynna gildi þessarar sýningar sem vettvangs ólíkra viðhorfa og vinnuáferða. Hún sýnir gjörfa hin fjölbreyttu viðfangs-efni sem pólskir myndlistarmenn fást við. En þetta er ekki eina ástæðan fyrir uppsetningu þessarar sýningar í Reykjavík. Grafik er í dag orðin eins og tungumál, safn tákna sem eru auðskilin og stuðla bæði að listrænum og almennum skilningi þjóða í millum. Ég held að við megum því gera ráð fyrir að í verkum þessara pólsku listamanna, hvort sem þeir nota líkingamál, frjálslega tjáningu eða stranga listræna hugmyndafræði, muni hinn íslenski áhorfandi uppgötva eitthvað nýtt um sjálfan sig og umheiminn. Slíkur er tilgangur og tillegg listarinnar.

Andrzej Sawicki

Kraká

2. 2. 1977.



Andrzej BIELAWSKI

Fæddur 1949. Nám við Listaakademíuna í Varsjá, útskrifaðist 1973. Stundar bæði grafik og teikningu.

Heimilisfang: ul. Karola Wójcika 38 m 22, Warszawa

1. Hvútti, hvútti, 1974, litæting & akvatinta, 65×50 cm.
2. Flórlidaneið, 1974, litæting & akvatinta, 65×50 cm.
3. Advocatus diaboli, 1975, æting & akvatinta og þurrnál, 65×50 cm.
5. Starað á suma staði, 1975, æting & akvatinta, 65×50 cm.

Hefur haldið 8 einkasýningar, bæði í Póllandi og Danmörku. Þátttaka í fjölda samsýninga, innanlands og utan, m.a. í Osló, Chicago, New York, Düsseldorf, Stokkhólmi og Sídney.

Verk hans eru í söfnum í Varsjá, Lódz, Wrocław o.fl. stóðum og í einkasöfnum í Danmörku.





Franciszek BUNSCH

Fæddur 1925. Nám við Listaakademíuna í Kraká, útskrifaðist 1955 og síðan við AVU í Prag 1950—51. Vinnur grafik og málur. Aðstoðarprófessor við Listaakademíuna í Kraká.

Heimilisfang: ul. Zelechowskiego 6 m 21a, Krakow

6. Spegill, 1971, æting & litakvatinta, 48,7×32 cm.
7. Ferðalag I, 1973, æting, 42,3 ×32 cm.
8. Fiðrildi II, 1975, æting, 43,7×31,5 cm.
9. Fiðrildi III, 1975, æting, 44×31,7 cm.

Hefur haldið 9 einkasýningar, bæði í Póllandi og öðrum Austur-Evrópuríkjum.

Pátttaka í fjölda samsýninga víða um heim, þ. á m. Chile, Sofía, Budapest, Montreal, Stokkhólmi, París, Havana, Tokýo, Amsterdam, Cleveland o.fl. stöðum.

Verðlaun á sjötta Grafíkbiennialinum í Kraká árið 1966 og viðurkenningar á fleiri alþjóðlegum grafíkssýningum.

Verk hans eru í helstu listasöfnum Póllands, svo og í Nótímalistasafninu í Skopje, Jügóslavíu.





Halina CHROSTOWSKA

Fædd 1928. Nám við Listaakademiuna í Varsjá, útskrifuð 1951. Stundar grafik. Aðstoðarprófessor við AFA skólann í Varsjá.

Heimilisfang: ul. Tyłmana Gamerskiego 7 m 16a, Warszawa

10. Hvít vera I, 1971, málmur og lituð trérista, 46×50 cm.
11. Svört vera IV, 1971, málmur og lituð trérista, 66,2×53,5 cm.
12. Gul vera I, málmur og lituð trérista, 50×46 cm.
13. Gul vera II, 1972, málmur og lituð trérista, 50×46 cm.


Hefur haldið 14 einkasýningar, þ. á m. í Varsjá, Berlin, Vín, Budapest, Prag, París, Helsínki, Kaupmannahöfn og London.

Þátttaka í fjölda samsýninga víða um heim, þ. á m. Amsterdam, Lugano, Nýju-Dehli, Tókyó, Sao Paulo.

Verðlaun fyrir grafik á mörgum grafiksýningum, þ. á m. gullverðlaun í Flórens 1970. Árið 1965 hlaut hún sérstök verðlaun pólska menntamálaráðuneytisins fyrir afrek innan lista.

Verk hennar eru í öllum helstu listasöfnum Póllands, svo og í Bibliotheque Nationale í París, Museum of Modern Art í New York, Library of Congress, Washington og Museo d'Arte Moderna, Sao Paulo.





Stanislaw FIJALKOWSKI

Fæddur 1922. Nám við Sjónlistaskólann í Łódź, útskrifaðist 1951. Nú prófessor við sama skóla. Vinnur grafik og malar.

Heimilisfang: ul. Zachodnia 12/59, Łódź.

14. Úr myndröðinni „Postilla-Caanan veislan“, 1976 dúkrísta, 33,5×41,5 cm.
15. Úr myndröðinni „Postilla-Erkiengillinn Gabriel og Sakarías“, 1976, dúkrísta, 35,5×41,5 cm.

Hefur haldið yfir 20 einkasýningar, í Póllandi, París, Hamborg og Stokkhólm.

Hefur tekið þátt í um 40 samsýningum um allan heim og hefur unnið til altra helstu verðlauna sem veitt eru fyrir grafik.

Verk hans eru í öllum helstu söfnum Póllands, svo og í þjóðlistasafninu í Prag, söfnum í Skopje, Vín og Düsseldorf og í einkasöfnum í Svíþjóð, Frakklandi og Bandaríkjunum.





Jacek GAJ

Fæddur 1938. Nám við Listaakademiuna í Kraká, útskrifaðist 1962. Starfar sem grafiklistamaður.

Heimilistfang: ul. Lenartowicza 13 m 3, Krakow



16. Ódysseifur fyrir B., 1969, koparstunga, 13×14 cm.
17. Leikur, 1970, koparstunga, 15,5×21 cm.
18. Freisting með A., 1972, koparstunga, 13,5×12,5 cm.
19. Freisting III, 1976, koparstunga, 20×26 cm.

Hefur haldið 14 einkasýningar, í Póllandi, Vín, Hamborg og París.

Hefur tekið þátt í um 25 samsýningum víða um heim og hefur hlitið mörg verðlaun fyrir grafík, m.a. á Parísarbiennalinum 1967, og Biennalinum í Kraká 1966.

Verk hans eru í helstu listasöfnum Póllands, svo og í Listasafninu í Stokkhólmi, Museum of Modern Art í New York, Nútímalistasafninu í Skopje og Genf.





Jerzy GRABOWSKI

Fæddur 1933. Nám við Listaakademiuna í Varsjá, útskrifaðist 1962. Vinnur grafík og málur.

Heimilisfang: ul. Gimnastyczna 38, Warszawa

20. Samþjöppun-Merkjamál, 1973, lituð dúkrista og götun, 82,5 × 55 cm.
21. Hreyfing kringum merkjamál, 1974, lituð dúkrista og götun, 78,5 × 54 cm.
22. Einstæðar einingar, 1974—75, lituð dúkrista og götun, 78,4 × 55,2 cm.
23. Framþróun og hringrás, 1975, lituð dúkrista og götun, 80,8 × 54 cm.

Hefur haldið 13 einkasýningar, í Póllandi, Kaupmannahöfn, Stokkhólmi, Lundí, Düsseldorf, Zürich og Hamborg.

Hefur tekið þátt í um 50 samsýningum víða um heim og hefur hlotið öll helstu verðlaun sem veitt eru fyrir grafík og plaköt.

Verk hans eru í helstu listasöfnum Póllands, í Moderna Museet Stokkhólmi, Ateneum safninu í Helsinki, Listasafninu í Lübeck og fjölda einkasafna víða um Evrópu.





Antoni HASKA

Fæddur 1920. Nám við Listaakademiuna í Kraká, útskrifaðist 1952. Vinnur grafik og málar. Yfirmaður iðnhönnunardeildar Listaakademiunnar í Kraká.

Heimilisfang: ul. 1 Maja 6/18, Krakow

24. Ísómorfískt stafróf, Texti D III, 1975, steinprent, 38,5 × 30 cm.
25. Ísómorfískt stafróf, Texti KI, 1975, steinprent, 32 × 27 cm.
26. Ísómorfískt stafróf, Texti D I, 1975, steinprent, 42 × 28 cm.
27. Ísómorfískt stafróf, Afmáðir textar, 1975, steinprent, 45 × 32 cm.

Hefur haldið 9 einkasýningar, í Póllandi og í Osló.

Hefur tekið þátt í um 20 samsýningum víða um heim, m.a. í Kanada, Brasilíu, Noregi, Svisslandi, Íslandi (1959), Júgoslávíu, Japan, Tyrklandi, Íran o.fl.

Verk hans eru í listasöfnunum í Kraká og Varsjá, auk safna í Tokjó og Osló.





Tadeusz JACKOWSKI

Fæddur 1936. Nám við Listaakademíuna í Kraká og Ecole Nationale Supérieure des Beaux-Arts, Paris. Stundar grafík.

Heimilistfang: ul. Lotnicza 22/18, Krakow

- 28. Móðir Náttúra, 1976, lituð mezzotinta, 24×28 cm.
- 29. Uppstilling með bolla, 1976, lituð mezzotinta, 26×24 cm.
- 30. Uppstilling með blómi, 1976, lituð mezzotinta, 26×24 cm.
- 31. Uppstilling í rökkri, 1976, lituð mezzotinta, 27,5×33,5 cm.

Hefur haldið um 15 einkasýningar, í Póllandi, Þrándheimi, Vín, Hólsterbro, Genf og París.

Hefur tekið þátt í yfir 20 samsýningum víða um heim, m.a. í París, Sao Paulo, Tokýo, Vancouver, Havana, Pistoia, Frankfurt-am-main, Moskvu, Noregi. Hefur hlotið ótal verðlaun fyrir grafík og bókaskreytingar.

Verk hans eru í helstu listasöfnum Póllands, svo og í Stokkhólmi, Genf, Þrándheimi og Skopje.





Teresa JAKUBOWSKA

Fædd 1930. Nám við Listadeild Kopernik háskólans í Torun. Útskrifaðist 1953. Stundar grafik.


Heimilisfang: ul. Solec 109a m 44, Warszawa

32. Í hæstum hæðum, 1967, dúkrista, 70×55 cm.
33. Beðið eftir vindinum, 1971, dúkrista, 70×55 cm.
34. Goðið fellt af stalli, 1972, dúkrista, 70×46 cm.
35. Ögnun, 1974, dúkrista, 70×45 cm.

Hefur haldið yfir 50 einkasýningar víða um heim, og tekið þátt í álíka fjölda samsýninga. Hefur hlotið mörg verðlaun.

Verk hennar er m.a. að finna í öllum helstu söfnum Póllands, í Þjóðarbókhjóðu Parísar, og nútímasöfnunum í Genf, Carpi, Lausanne, Skopje og fjölda einkasafna um heim allan.





Maria JAS/LUSZCKIEWICZ-JASTRZEBSKA

Nám við Listaakademiuna í Varsjá, útskrifaðist 1954.
Stundar grafik og skreytir bækur.

Heimilistfang: Al. 3 Maja 5/8, Warszawa

36. 1.1.1977, 1977, þurnál, 29×37 cm.

37. 3.1.1977, 1977, þurnál, 25×32 cm.

38. 10.1.1977, þurnál, 25×36,5 cm.

39. 15.1.1977, 1977, þurnál, 25×37 cm.

Hefur haldið 5 einkasýningar, í Varsjá, New York og Mexíkó.

Hefur tekið þátt í um 40 samsýningum. Gullverðlaun á Grafíkbiennialinum í Flórens 1970, auk fjölda annarra viðurkenninga.

Verk hennar eru í öllum helstu listasöfnum Póllands, í Albertina safninu í Vín, Nútímalistasafninu í Skopje o.fl. stöðum.





Alina KALCZYŃSKA

Nám við Listaakademíuna í Kraká, útskrifaðist 1959.
Stundar grafík.

Heimilisfang: ul. Smolensk 49/6, Krakow

- 40. Ravello, 1974, trérista, 75 × 47,5 cm.
- 41. Brottför, 1974, lituð trérista, 57,7 × 82,3 cm.
- 42. Ljósbrott, 1975, lituð trérista, 81,7 × 58 cm.
- 43. Proiezione, 1975, lituð trérista, 68,5 × 51,7 cm.

Hefur haldið 11 einkasýningar, í Póllandi, og á Ítalíu.
Hefur tekið þátt í um 25 samsýningum víða um Evrópu.
Verðlaun á Grafíkbiennalínunum í Kraká 1972 og 1976,
gullverðlaun í samkeppni í Perugia 1973.
Verk hennar er að finna í öllum helstu söfnum Póllands, í
Library of Congress, Washington og „Ugo da Carpi“
tréristusafninu í Carpi.





Janusz KARWACKI

Fæddur 1940. Nám við Listaakademiuna í Kraká, útskrifaður 1966. Vinnur við grafík og málverk.

Heimilisfang: ul. Siemiradzkiego 10/3, Krakow

44. Hvarfbaugur fiórlidis, 1975, mezzotinta, 24 x 25 cm.


45. Dagur fiórlidis, 1975, mezzotinta, 15 x 21 cm.

46. Sköpun Evu, 1975, mezzotinta, 15 x 10 cm.

47. Týndi engillinn, 1976, mezzotinta, 20 x 22 cm.

Hefur haldið 4 einkasýningar og tekið þátt í 17 samsýningum um alla Evrópu. Hefur hlotið mörg verðlaun fyrir grafík og bókaskreytingar.

Verk hans eru í mörgum söfnum í Póllandi.





Włodzimierz KOTKOWSKI

Fæddur 1942. Nám við Listaakademíuna í Kraká, útskrifaðist 1967. Stundar grafík.

Heimilisfang: ul. Siomiana 24 m 69, Krakow

- 48. Borg í a, 1970 mezzotinta, 19,5 × 28 cm.
- 49. Borg 5, 1970, mezzotinta, 32 × 24,5 cm.
- 50. Spilagaldur, 1976, plötubrykk, 60 × 46 cm.
- 51. Ólympíumenn I, 1977, mezzotinta, 32 × 24,5 cm.

Hefur haldið 4 einkasýningar, í Póllandi og Svíþjóð. Þátttaka í um 15 samsýningum um allan heim. Silfurverðlaun fyrir bókamerki í Malbork, 1971 og fyrstu verðlaun fyrir sama í Lissabon, 1976.

Verk hans er að finna í helstu listasöfnum Póllands, svo og í Kaupmannahöfn.



Janina KRAUPE-SWIDERSKA

Fædd 1921. Nám við Listaakademiuna í Kraká, útskrifuð 1948. Stundar grafik og málun. Aðstoðarprófessor við Listaakademiuna í Kraká.

Heimilisfang: Al. Krasinskiego 28 m 15, Krakow

- 52. Verano, 1975, lituð dúkrista, 63 × 48 cm.
- 53. Dulspekingar Spánar, 1976, lituð dúkrista, 64 × 48 cm.
- 54. Kundalini, 1976, lituð dúkrista, 64 × 48 cm.
- 55. Altari haustsins, 1977, lituð dúkrista, 64 × 48 cm.

Hefur haldið 12 einkasýningar í Póllandi.

Pátttaka í um 30 samsýningum víða um heim, þ. á m. Biennialinum í Feneýjum og helstu grafíkbiennólum heims. Hefur hlotið ótal verðlaun og viðurkenningar.

Verk hennar eru m. a. í öllum helstu listasófnum Póllands, í Listasafninu í Prag, í safni Arts Council í London o. fl.





Wojciech KRZYWOBLOCKI

Fæddur 1938. Nám við Listaakademíuna í Kraká, útskrifaður 1965. Stundar grafik.

Heimilisfang: Osiedle Jagiellonskie 32/35, Nowa Huta

- 56. Sólprent: Vestur, 1976, serigrafía, 80 × 55 cm.
- 57. Sólprent: Austur, 1976, serigrafía, 80 × 56 cm.
- 58. Pósitífur negatífur, 1976, serigrafía, 85 × 55 cm.
- 59. Tiltærsa, 1976, serigrafía, 79 × 56,2 cm.

Hefur haldið 8 einkasýningar.

Þátttaka í um 25 samsýningum um allan heim. Tvenn verðlaun á Grafíkbiennalinum í Kraká, 1972, 1976 og verðlaun á Grafíkbiennalinum í Fredriksstad 1976.

Verk hans eru í öllum helstu listasöfnum Póllands, í Museum of Modern Art, New York, Nútímalistasafninu í Tokýo, Teiknisafninu í Genf og ótal einkasöfnum heima og erlendis.





Włodzimierz KUNZ

Fæddur 1926. Nám við Listaakademiuna í Kraká, útskrifaður 1954. Stundar málun og grafík. Aðstoðarprófessor við Listaakademiuna í Kraká.

Heimilisfang: ul. Zelechowskiego 6 m 45a, Krakow


60. Fréttir 75, 1975, litað steinprent, 51 x 76 cm.
61. Íkon myndröðin: Viola d'Amore I, 1976, litað steinprent, 46 x 50 cm.
62. Íkon myndröðin: Viola d'Amore II, 1976, steinprent, 46 x 43 cm.
63. Íkon myndröðin: Rás stundanna, 1976, litað steinprent, 45,5 x 70 cm.

Hefur haldið 12 einkasýningar.

Þátttaka í um 30 samsýningum víða um heim. Verðlaunin á Grafíkbiennialinum í Kraká 1976, fyrstu verðlaun á Grafíkbiennialinum í Madrid 1969, önnur verðlaun á grafíksýningunni í Frechen 1972 og 1975.

Hlaut sérstök verðlaun pólska menntamálaráðuneytisins fyrir framlag til lista árið 1971.

Verk hans eru í öllum helstu listasöfnum Póllands, í Museum of Modern Art, Tókýo, Library of Congress, Washington, Guggenheim Museum, New York og Lista-safninu í Havana.





Zbigniew LUTOMSKI

Fæddur 1934. Nám við Listaakademiuna í Kraká, útskrifaður 1960. Stundar grafik. Félagi í Societé Internationale des Graveurs sur Bois XYLON í Zürich. Heimilisfang: ul. Osiedle Kolorowe 25 m 37, Krakow

64. Tengsl, 1976, lituð trérista, 82 × 52 cm.

65. Aureola, 1976, lituð trérista, 82 × 52 cm.

66. Maciek, 1976, lituð trérista, 82 × 52 cm.

Hefur haldið 11 einkasýningar í Póllandi og París. Þátttaka í fjölda samsýninga um allan heim. Verðlaun á Grafíkbiennialinum í Kraká 1966, á Grafíkbiennialinum í Tókyo, 1968, auk annarra viðurkenninga.

Verk hans er að finna í öllum helstu listasöfnum Póllands, í Nútimalistasafninu í Skopje, Listasafninu í Stokkhólmi, Listasafninu í Prag, Library of Congress, í Washington, Listasafninu í Genf, í Kunstverein í Gerchen o.fl. söfnum innanlands og utan.





Zygmunt MAGNER


Fæddur 1937. Nám við Listaakademiuna í Kraká, útskrifaður 1967. Stundar bæði málu og grafík.

Heimilisfang: ul. Prosta 2/14 m 181, Warszawa

- 67. 251972, 1972, steinprent, 56×49 cm.
- 68. 16374A, 1974, steinprent, 56×50 cm.
- 69. 22374A, 1974, steinprent, 56×50 cm.
- 70. 13775, 1975, steinprent, 59×50 cm.

Hefur haldið 5 einkasýningar, í Póllandi og Höllandi. Þátttaka í um 15 samsýningum víða um Evrópu. Gullverðlaun á Listahátíð í Varsjá 1974 og hefur hlotið aðrar viðurkenningar fyrir grafík og skreytingar.

Verk hans eru í Listasöfnunum í Varsjá og Gdansk.





Marian MALINA

Fæddur 1922. Nám við Listakademíuna í Kraká, útskrifaður 1958. Félagi í alþjóðasamtökunum XYLON í Zürich frá 1966 og í landsráði grafiksamtakanna AIAP. Stundar grafik.

Heimilisfang: ul. Smólków 87 m 2, Sosnowiec.

- 71. Stúlka, 1975, djúpbrykk, 64×47 cm.
- 72. Prófill með sigarettu, 1975, djúpbrykk, 47×61 cm.
- 73. Á hleri, 1967, djúpbrykk, 55×52 cm.
- 74. Umbreytingar III, 1975, djúpbrykk, 62×45 cm.

Hefur haldið 20 einkasýningar, í Póllandi, Berlín, Prag, Sofía, Budapest og París.

Þátttaka í um 30 samsýningum víða um heim, m.a. í London, Nýju-Dehli, Ljubljana, Berlín, Stokkhólmi. Ótal verðlaun og viðurkenningar fyrir grafik.

Verk hans eru m.a. í helstu listasöfnum Póllands, Museum of Modern Art, New York, Nútimalistasöfnunum í Sao Paulo, Tokýo og Stokkhólmi, í Library of Congress, Washington, Þjóðarbókhöðunni í París, í Albertina safninu í Vín o.fl.





Lucjan MIANOWSKI

Fæddur 1933. Nám við Listaakademiuna í Kraká, útskrifaðist 1956, Ecole Nationale Supérieure des Beaux-Arts, Paris 1959—60. Stundar grafik.

Heimilisfang: Osiedle Urocze bl. 5/7, Nowa Huta.

- 75. Gengið gegnum þoku, 1970, litað steinprent, 57×24 cm.
- 76. Engi, 1975, litað steinprent, 77×43 cm.
- 77. Við spegilinn A, 1976, litað steinprent, 67×48 cm.
- 78. Nakin við hafið, 1977, litað steinprent, 73×47 cm.

Hefur haldið um 18 einkasýningar víða um Evrópu, þ. á m. heimalandi sínu, Paris, Vín, Stokkhólmi og Kaupmannahöfn.

Þátttaka í um 40 samsýningum víða um heim og hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir grafik.

Verk hans eru m.a. í helstu listasöfnum Póllands, Museum of Modern Art, New York, Nútimalistasöfnunum í Sao Paulo, Tokyo og Stokkhólmi, í Library of Congress, Washington, Þjóðarbókhöðunni í Paris, í Albertina safninu í Vín o.fl.





Andrzej NOWACKI

Fæddur 1938. Nám við sjónlistaskólann í Gdansk, útskrifaður 1963. Stundar málu og grafík.
Heimilisfang: pl. Wolności 3/4, Bydgoszcz

- 79. Leyndarmálið, 1969, æting, 26 × 43 cm.
- 80. Í hófi VII, 1971, æting, 44 × 36 cm.
- 81. Í hófi III, 1971, æting, 44 × 36 cm.
- 82. Spegill, 1971, æting, 44 × 35 cm.

Hefur haldið 14 einkasýningar.

Þátttaka í um 20 samsýningum víða um heim. Hefur hlotið ótal verðlaun fyrir grafík og plaköt og sérstaka pólska viðurkenningu fyrir framlag til grafíkur og teikningar 1969.

Verk hans er að finna í helstu listasöfnum Póllands og söfnum í Hollandi, Austurríki, Bandaríkjunum, Kanada, Sovétríkjunum, Brasilíu, Ítalíu, Danmörku, Austurbýzkalandi og Frakklandi.





Ryszard OTREBA

Fæddur 1932. Nám við Listaakademiuna í Kraká, útskrifaður 1959. Aðstoðarprófessor við Listaakademiuna í Kraká. Stundar grafík og iðnhönnun.

Heimilisfang: ul. Sw. Kryzyza 5/8, Krakow

- 85. Annað sumar Matheusar, 1973, gífsþrykk, 77 × 56 cm.
- 86. Uppgötvun IV, 1975, gífsþrykk, 80 × 55 cm
- 87. Nærmynd, 1975, gífsþrykk, 75 × 53 cm.
- 88. Frelsari, 1975, gífsþrykk, 75 × 56 cm.

Hefur haldið 12 einkasýningar.

Þátttaka í um 40 samsýningum víða um heim. Verðlaun fyrir grafík á Grafíkbiennialinum í Kraká á árunum 1972—76.

Veitt sérstök verðlaun af pólska menntamálaráðuneytinu 1974 fyrir framlag til listar og kennslufræði.

Verk hans er að finna í öllum helstu listasöfnum Póllands, í Listasafninu í Stokkhólmi, í Staatsgalerie í Stuttgart, Þjóðarbókhöðunni í París, Fine Arts safninu í Brookville, New York, Museum of Modern Art, New York, Library of Congress, Washington, Philadelphia Museum of Art, Smithsonian Institution, Washington, Guggenheim Museum í New York og Museum of Art, Tokýo.





Emilia NOZKO — PAPROCKA

Nám við Listaakademíuna í Varsjá, útskrifuð 1955.
Stundar grafík.

Heimilisfang: ul. Plutonowych 8/1, Warszawa

83. Kveðjur, 1970, dúkrísta, 42 × 41 cm.

84. Heimkoma, 1975, dúkrísta, 68,5 × 45,2 cm.

Hefur haldið 7 einkasýningar, í Póllandi, Rúmeníu,
Tékkóslóvakíu og Ungverjalandi.

Þátttaka í um 15 samsýningum víða um Evrópu. Fyrstu
verðlaun á Grafíkbiennialinum í Barcelona 1971, Brons-
verðlaun á Figúratífa Biennialinum í Róm, 1972, Brons-
verðlaun á kvennasýningu í Apenu 1973. Gullverðlaun
veitt af pólska Ólympíusambandinu fyrir íþróttamyndir
árin 1972—76.

Verk hennar er að finna í öllum helstu listasöfnum Pól-
lands, í Listasafninu í Sofía, Rostock safninu, Lista-
safninu í Búkarest, Bodesafninu í Berlín, Nútímalista-
safninu í Madrid.





Andrzej PIETSCH

Fæddur 1932. Nám við Listaakademiuna í Kraká, útskrifaður 1958. Stundar grafik. Prófessor við Listaakademiuna í Kraká.

Heimilisfang: ul. Szymanowskiego 15/32, Krakow


- 89. Listaferðalag, 1975, litæting, 63×44 cm.
- 90. Fyrir utan gluggann, 1976, litæting, 65×50 cm.
- 91. Fyrir utan gluggann M, 1976, litæting, 65×50 cm.
- 92. Fyrir utan gluggann T, 1976, litæting, 65×45,5 cm.
- 93. Þögn, 1976, litæting, 68×54 cm.

Hefur haldið um 25 einkasýningar víða um Evrópu, m.a. í Kaupmannahöfn, Lausanne, Brándheimi, Vín, Amsterdam, París, Göttingen og Bremen.

Þátttaka í um 23 samsýningum. Tvenn verðlaun á Grafíkbiennialinum í Kraká 1966, fyrstu verðlaun á sömu sýningu 1970 og 1972. Verðlaun á Grafíkbiennialinum í Bradford 1976.

Verðlaun frá pólska menntamálaráðuneytinu fyrir frábær afrek innan lista og kennslumála árin 1969 og 1975.

Verk hans eru í helstu listasöfnum Póllands, Sonja Heine safninu í Osló, Library of Congress, Washington, Cincinnati Art Museum, Stedelijk safninu, Listasafninu í Stokkhólmi og fjölda einkasafna.





Janusz PRZYBYLSKI

Fæddur 1937. Nám við Listaakademíuna í Varsjá, útskrifaður 1963. Stundar málun og grafík.

Heimilisfang: ul. Staffa 6 m 101, Warszawa

- 94. Fimleikamaður, 1976, steinprent, 52 × 61 cm.
- 95. Vitahringur 1, 1976, litað steinprent, 51 × 60 cm.
- 96. Vitahringur 2, 1976, litað steinprent, 63 × 51 cm.
- 97. Vitahringur 3, 1976, steinprent, 51 × 61 cm.

Hefur haldið 13 einkasýningar víða um heim, m.a. í New York, Washington, Solingen, Vestur Berlin og Malmö, þátttaka í um 20 samsýningum víða um lönd. Verðlaun á Grafíkbiennialinum í Kraká 1968, fyrstu verðlaun á grafík-sýningunni „Europahaus“ í Vín 1968, auk annarra viðurkenninga.

Verk hans er að finna í helstu listasöfnum Póllands, í Albertina safninu í Vín og ótal einkasöfnum um alla Evrópu.





Leszek RÓZGA

Fæddur 1924. Nám við sjónlistaskólann í Łódź og Listakademíuna í Kraká og Áróðursgrafíkdeildina í Katowice. Útskrifaður 1954. Stundar grafík, teikningu og málu.

Heimilisfang: Osiedle Dubois 2 m 12, Zgierz


98. Í gær, 1975, litæting, 32,5 × 25 cm.

99. Af hendi fram — Til móður minnar, 1976, litæting, 32,5 × 25 cm.

Hefur haldið um 23 einkasýningar um alla Evrópu, þ. á m. Vín, Prag, Osló, Solingen, Köln, París, Hamborg og Montpellier. Þátttaka í um 30 samsýningum víða um lönd. Verðlaun m. a. á Listahátíð í Madrid 1969.

Árið 1969 hlaut hann sérstök verðlaun pólska menntamálaráðuneytisins fyrir framlag til grafíklistar.

Verk hans er að finna í helstu listasöfnum Póllands og í söfnum í París, Austurríki, Ástralíu, Hollandi, Júgóslavíu, Noregi, Austur-Þýskalandi, Svísslendi, Svíþjóð, Bandaríkjunum og Ungverjalandi.



Roman SKOWRON

Fæddur 1937. Nám við Listaakademíuna í Kraká, útskrifaður 1960. Stundar grafík.

Heimilisfang: ul. Konarskiego 22/24 m 18, Krakow

100. Hvernig á að syngja?, 1972, steinprent, 57,2×42 cm.


101. Opinberun A, 1975, steinprent, 62×39,5 cm.

102. Opinberun B, 1975, steinprent, 61×40,7 cm.

103. Portrett, 1976, steinprent, 56,8×43,4 cm.

Hefur haldið 4 einkasýningar.
Þátttaka í samsýningum víða um heim. Hefur hlotið verðlaun og viðurkenningar.

Verk hans er að finna í Listasafninu í Kraká og pólska menntamálaráðuneytinu.





Antoni STARCZEWSKI

Fæddur 1924. Nám við sjónlistaskólann í Łódź, útskrifaður 1951. Stundar skulptúr, keramik, málun, grafík og listvefnað. Aðstoðarprófessor við sjónlistaskólann í Łódź.

Heimilisfang: ul. Rzgowska 52 m 27, Łódź

- 104. ML 1, 1973, blönduð grafiktækni, 42,5×41,7 cm.
- 105. MF 30, 1973, blönduð grafiktækni, 39×39,7 cm.
- 106. MF 31/g/1, 1974, blönduð grafiktækni, 40×39,5 cm.
- 107. gr 2, 1975, blönduð grafiktækni, 49×38,5.

Hefur haldið 13 einkasýningar.

Páttaka í mörgum alþjóðlegum sýningum á grafík, keramik, málverkum og vefnaði. Silfurverðlaun fyrir keramik í Prag 1962, Ravenna verðlaunin fyrir keramik 1966, gullverðlaun á sama stað 1971, gullverðlaun í keramiksamkeppni í Gualdo Tadino 1970, gullverðlaun fyrir grafík á Grafíkbiennialinum í Flórens 1972, önnur verðlaun fyrir grafík á Grafíkbiennialinum í Kraká 1976, verðlaun á Grafíkbiennialinum í Ljubljana 1973.

Verk hans er að finna í helstu listasöfnum Póllands, í Keramiksafninu í Faenza, Uffizi safninu í Flórens, Musée d'Art Moderne, Paris, Musée des Arts Décoratifs, Paris, Þjóðarbókhúðunni í Paris og Musée d'Art et Histoire, Genf.





Jan SZMATLOCH


Fæddur 1950. Nám við Listaakademiuna í Kraká og Grafíkskólann í Katowice. Kennari við Listaakademiuna í Katowice. Stundar grafik og teikningu. Heimilisfang: ul. Zeromskiego 12, Ruda Slaska

108. Gluggi, 1976, ætíng, 20 × 29,5 cm.

109. Veggur, 1976, ætíng, 22,2 × 27,7 cm.


110. Dyr, 1976, ætíng, 27,2 × 19,5 cm.

111. Stigi, 1977, ætíng, 19,6 × 24,6 cm.



Hefur haldið 3 einkasýningar.

Þátttaka í 8 samsýningum á grafik og plakötum. Fyrstu verðlaun fyrir plakat í Katowice 1976. Hefur hlotið aðrar viðurkenningar. Verk hans er að finna í nokkrum söfnum í Póllandi.



Feliks SZYSZKO

Fæddur 1940. Nám við Listaakademíuna í Kraká, útskrifast 1964. Stundar málun og grafík.
Heimilisfang: ul. Mikolajska 9 m 8, Krakow

- 112. Samspil beinna lína — Viðbót, 1976, blönduð grafíktækni, 26,2×38,5 cm.
- 113. Samspil beinna lína — XXX, 1976, blönduð grafíktækni, 15×24,5 cm.
- 114. Samspil beinna lína — Hugsað um málun, 1976, blönduð grafíktækni, 29×51,2 cm.
- 115. Samspil beinna lína — Miðnætursól, 1976, blönduð grafíktækni, 21×50 cm.

Hefur haldið 8 einkasýningar.

Þátttaka í um 17 samsýningum. Verðlaun á alþjóðlegri teiknisýningu í Rijeka 1974, verðlaun á Grafíkbiennialinum í Tokyo 1974.

Verk hans er að finna í nokkrum söfnum, heima og heiman, m.a. í Nútímalistasafninu í Zagreb og Kamakura safninu í Japan.






Jacek WALTOS

Fæddur 1938. Nám við Listaakademiuna í Kraká, útskrifað 1963. Stundar málun, grafík og keramik.

Heimilisfang: ul, Zamenhofs 13 m 1, Krakow

- 116. Les Adieus, 1971, akvatinta, 23 × 23 cm.
- 117. Leitir að grafhýsinu — Nú til dags (1943—1973), 1974, akvatinta með lit, 22 × 21,5 cm.
- 118. Hnútur harmleiksins — „Phaedra“ eftir Jean Racine, 1975, akvatinta með lit, 22 × 21,5 cm.
- 119. Tilbrigði — föstum fótum, 1976, akvatinta með lit, 21,5 × 21,5 cm.

Hefur haldið 8 einkasýningar, í Póllandi, Stokkhólmi og Bergen. Þátttaka í um 14 samsýningum viðá um heim, bæði í grafík, skúlptúr og málun. Hefur hlotið mörg verðlaun.





Maria WASOWSKA

Fædd 1931. Nám við Myndlistardeild Kopernik háskólans í Toruń, útskrifast 1953. Stundar grafik.

Heimilisfang: ul. Mickiewicza 110, Toruń

120. Kilwater, 1974, lituð dúkrista, 63 × 46,7 cm.
 121. A.M. — ante meridiem, 1974, lituð dúkrista, 62,5 × 49 cm.
 122. Langt út á haf, 1974, lituð dúkrista, 51 × 83,5 cm.
 123. Vík um nótt, 1974, lituð dúkrista, 50,8 × 82,5 cm.

Hefur haldið 17 einkasýningar, í Póllandi, Árósum, Osló, Genf og Kaupmannahöfn.

Þátttaka í um 30 samsýningum víða um heim. Verðlaun á alþjóðlegri sýningu á tréristum í Genf 1972, auk margra annarra viðurkenninga heima og heiman.

Verk hennar er að finna í helstu listasöfnum Póllands, í Lyngby, Bing og Gröndahl safninu, Listasafni Berlings í Kaupmannahöfn, Kunstforening, Osló, Nútímalistasafninu í Skopje, Teiknisafninu í Dresden, Musée d'Art et d'Histoire í Genf o.fl. söfnum.





Mieczysław WEJMAN


Fæddur 1912. Nám við Listaakademiuna í Kraká, útskrifast frá Listaakademíunni í Varsjá 1946. Stundar máun og grafík. Próffessor í Grafíkdeild, Listaakademíunni í Kraká.


Heimilisfang: Radość, ul. Wilgi 66, Warszawa

- 124. Dómarar, 1958, æting & akvatinta, 50×35,5 cm.
- 125. Hjómssveit, 1958, æting & akvatinta, 36,5×50 cm.
- 126. Hjóireiðamaður VIII, 1970, æting og akvatinta með lit, 20,5×31,5 cm.
- 127. Hjóireiðamaður XIV, 1970, æting, 48×30,5 cm.

Hefur haldið um 25 einkasýningar víða um Evrópu. Þátttaka í um 25 samsýningum um allan heim. Verðlaun fyrir grafík í Ljubljana 1961, verðlaun á Grafíkbiennalinum í Kraká 1966 og 1968. Hlaut árið 1964 sérstök verðlaun pólska menntamálaráðuneytisins fyrir framlag til lista og árið 1966 voru honum veitt heiðursverðlaun pólska ríkisins fyrir myndlistarafrek.

Verk hans er að finna m.a. í helstu listasöfnum Póllands, í The Library of Congress, Washington, Nútímalistasafninu í Tokýo og í söfnum í Belgrad og Feneyjum.





Stanislaw WEJMAN

Fæddur 1944. Nám við Listaakademíuna í Kraká, útskrifað 1968. Stundar grafík.

Heimilisfang: Al.Puszkina 37, Krakow

128. Leikföng, 1973, akvatinta, 65 × 50 cm.

129. Við borðid, 1975, akvatinta, 61 × 50 cm.

130. Borgarlif, 1976, lituð akvatinta, 50 × 45 cm.

131. Á landi, 1976, akvatinta, 62 × 50 cm.

Hefur haldið 4 einkasýningar í Póllandi.

Þátttaka í 16 samsýningum víða um heim, m.a. í Danmörku, Spáni, Sovétríkjunum, Prag, Hollandi, Bandaríkjunum og Noregi.



Listráð að Kjarvalsstöðum

Ólafur B. Thors, formaður
Jóhannes Jóhannesson
Þorgerður Ingólfssdóttir
Davið Oddsson
Elisabet Gunnarsdóttir
Snorri Sveinn Friðriksson
Guðmundur Benediktsson

Framkvæmdastjóri Listráðs

Aðalsteinn Ingólfsson

Uppsetning sýningar

Ryszard Otreba
Aðalsteinn Ingólfsson
Guðmundur Benediktsson
Jón Reykdal
Baltasar Samper

Hönnun sýningarskrár

Aðalsteinn Ingólfsson
Erlendur Eysteinnsson

Þýðing texta úr pólsku á ensku

Boguslaw Lawendowski

Þýðing texta á íslensku

Aðalsteinn Ingólfsson

Ljósmyndun

Marek Holzmann, Anna Pietrzak

Setning og prentun

Prentsmiðjan Oddi

Letur

Vega grónn